



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um opinber innkaup (288. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér fjölmargar breytingar á ofangreindum lögum.

Viðskiptaráð hafa undanfarin misseri borist erindi frá fyrirtækjum með ábendingar um fyrirkomulag opinberra innkaupa og verklags í tengslum við það. Bréf þess efnis var sent á fjármálaráðuneytið sumarið 2011 en engin svör bárust þaðan. Þar voru reifaðir ákveðnir annmarkar á ferlinu en ljóst er að stór hluti fyrirtækja, eða um 500 talsins, reiða sig á að ferlið sé eins og best verður á kosið.<sup>1</sup> Þá eru það ekki síður hagsmunir ríkissjóðs og þar með skattgreiðenda að innkaupamál séu í alla staði fagleg enda um talsverða fjármuni að ræða eða um 100 - 150 ma. kr. ár hvert.<sup>2</sup>

Frumvarp þetta kemur að einhverju leyti til móts við ofangreindar ábendingar, sem vörðuðu einkum skort á aðhaldi og gagnsæi í löggjöfinni. Má þar nefna ítarlegri tilkynningu um ákvörðun skv. 4. gr., sameiginlega aðild að kærumáli skv. 14. gr., skýrari reglur um biðtíma skv. 5. gr., um stöðvun samningsgerðar skv. 12. gr. og um stöðvun innkaupaferlis um stundarsakir skv. 15. gr., rýmri kærufrestir skv. 11. gr. og kæruréttur skv. 10. gr., beitingu stjórnvaldssekta skv. d. lið 18. gr. og lögbannsheimild skv. 16. gr.

Ljóst er þó að feta þarf ákveðinn meðalveg í þessum eftirum enda mikilvægt fyrir bæði bjóðendur og kaupendur að ferlið sé skilvirk. Hér koma til álita ákvæði frumvarpsins sem snúa t.a.m. að upplýsingagjöf um undirverktaka skv. 2. gr. og að hluta þau ákvæði sem nefnd eru að ofan. Verði frumvarpið að lögum er ljóst að meira mun reyna á markvissa afgreiðslu kærunefndarinnar en fljótt á litid var ekki að finna nánari greiningu á núverandi verkefnastöðu hennar í greinargerð frumvarpsinsog væntum áhrifum frumvarpsins þar á. Því væri rétt að kveða á um endurskoðun tiltekinna þáttu frumvarpsins eftir t.a.m. ár þegar ætla má að áhrif breytinganna á skilvirkni ferlisins hafa komið í ljós.

Viðskiptaráð leggur til að kveðið verði á um endurskoðun á ákvæðum frumvarpsins að liðnum tilteknum tíma og að hún fari fram í viðtæku samráði við bjóðendur og kaupendur.

Í áðurnefndu bréfi er jafnframt að finna ákveðin atriði sem frumvarpið tekur ekki á og rétt er að koma á framfæri hér. Snúa þau aðallega að gagnsæi innkaupaferlisins. Má þar nefna birtingu upplýsinga á vefsíðu Ríkiskaupa, t.d. um opnun og niðurstöður tilboða sem taka aðeins til nokkurra mánaða. Almennt liggja úrskurðir kærunefndarinnar einnig seint fyrir og tölfraði um kærur og niðurstöður liggur ekki fyrir. Báðir þessir þættir draga úr ákveðnu aðhaldi gagnvart aðilum sem ábyrgir eru fyrir virkni ferlisins. Þessa þætti má hins vegar hæglega færa til betri vegar í frumvarpinu með því að kveða á um að kærunefndin skuli miðla

<sup>1</sup> Sjá m.a. [hér](#) í frétt á vef Ríkisendurskoðunar.

<sup>2</sup> Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar, [Opinber innkaup: Áfangaskýrsla 1, Innkaupastefna ráðuneyta](#), 2010, sbr. [Ríkisbúskapurinn 2012-2015](#) á bls. 71.

upplýsingum um störf sín, birta strax upplýsingar um innkomnar kærur, meðferð þeirra, og gefa út árlegt yfirlit um úrskurði sína.

Þá eru útboðssíður stofnanna, sveitarfélaga og ríkisfyrirtækja ekki samræmdar, sem eykur á flækjustigið. Endanlegur kostnaður tengdur tilteknunum útboðum liggur ekki fyrir og því erfitt að meta hvort að innkaupum sé haldið innan ramma útboðs. Að auki voru athugasemdir gerðir varðandi sölu Ríkskaupa á tiltekinni þjónustu eins og t.a.m. fasteignamiðlun, veitingu lögfræðilegra álitsgerða og annað sem sérstakar þóknar eru innheimtar fyrir. Þá var því velt upp hvort núverandi fyrirkomulag rammasamninga þar sem Ríkskaup tekur þóknun fyrir sem nemur 2% af heildarfjárhæð viðskipta sé skattheimta án lagastoðar. Að lokum hefur því verið velt upp hvort lögin veiti nægilegt svigrúm til ferlis sem nefnt er *competitive dialogue* í evrópurétti og tekur til útboða á flóknum mörkuðum.<sup>3</sup> Þennan þátt þyrfti að skoða nánar til að tryggja að lagaramminn haldi í við erlenda þróun, sérstaklega ef nýtt hátaeknisjúkrahús verður reist í náinni framtíð.

*Viðskiptaráð hvetur nefndina til að kanna frekar ofangreinda þætti.*

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson  
Framkvæmdastjóri  
Viðskiptaráð Íslands

---

<sup>3</sup> Sjá t.d. [EC Explanatory Note](#)